

TRÖLLASÖGUR, ÍSLENDINGASAGA OG ALLS MANNKYNS

I

Á þeim tímum er Ólafur Haraldsson Noregskonungur, er síðan var kallaður Ólafur helgi, var að leitast við að leggja undir sig Ísland, hélt hann hjá sér nokkrum íslenskum höfðingjasonum og leyfði þeim eigi heimferð. Undu þeir þessu ófrelsi illa, og urðu af því tíðindi nokkur, sem segir frá í Heimskringlu af mikilli snilld. Einn af þessum ungu Íslendingum var Þóroddur, son Snorra goða. Ólafur konungur vildi láta fara för nokkra, sem menn voru mjög ófúsir til, því að enginn hafði aftur komið af þeim, sem áður höfðu verið sendir. Þóroddur Snorrason bauðst til að fara för þessa „því at hann hirði þá alllitt hvat yfir hann gekk, ef hann færi sjálfráði.“ Fara þeir síðan 12 saman. Þeir koma til Jamtlands, því að þangað var förinni heitið til að heimta skatt. Er þeim skipt þar niður á bæi, tveim og tveim. Í jólaveislu kemst Þóroddur að því, er menn fara að verða drukknir, að þeir sendimennirnir eru ætlaðir til dráps. Fyrir ráðsnilld og kvæðakunnáttu Þórodds, tekst þeim félögum að komast burt af bænum; fara þeir lengi um eyðiskóga, uns þeir einn dag að kvöldi hitta fyrir sér lítinn húsabæ og er þeim þar vel tekið. Sjá þeir þar ekki annað fólk í fyrstu en bóndann og konu hans. En er þeir eru lagstir til svefns, sér Þóroddur „at þar gekk fram maðr úr öðru húsi, ok hafði hann engan mann sét jafn mikinn; sá maðr hafði skarlatsklæði búin gullhlöðum ok var inn vegligsti sýnum. Þóroddr heyrði at hann ávitaði þau (hjónin) um þat, er þau tóku við gestum, en höfðu varla sér matbjörg. Húsfreyja svarar, ver þú eigi reiðr, bróðir, sjaldan hefir þetta at móti borit, veittu þeim heldr nokkura gagnsmuni, því at þú ert betr til færri en vit. Þóroddr heyrði þann mikla mann nefndan Arnljót Gellina“,

hafði hann heyrt mannsins getið „ok þat með at hann var hinn mesti stigamaðr ok illvirki.“ Þeir Þóroddur leggja upp mjög snemma næsta dag, og hafði Þórir bóndi fengið þeim skíði. Arnljótur fer með þeim, „steig hann á skíð, þau váru bæði breið ok löng; en þegar er Arnljótr laust við geislinum, þá var hann hvar fjarri þeim; þá beið hann ok mælti, at þeir myndi hvergi komask at svá búnu; það þá stíga á skíðin með sér. Þeir gerðu svá, fór Þóroddr nærri honum ok helt sér undir belti Arnljóts, en förunautr Þórodds helt honum. Skreið Arnljótr þá svá hart sem hann færi lauss. Þeir kómu til sáluhúss nokkurs er þriðjungur var af nótt, drápu sér þar eld ok bjuggu til matar. En er þeir mötuðusk, þá mælti Arnljótr, það þá engu niðr kasta af matnum, hvárki beinum né mola. Í annan enda hússins var lopt uppi á þvertrjám“, þar sofa þeir Arnljótur. „Arnljótr það þá vera hljóðsama.“ Hann lá fremstur á loptinu. „Litlu síðar kvámu þar til hússins menn XII; þat váru kaupmenn er fóru til Jamtlands með varning sinn. En er þeir kvámu í húsit gerðu þeir um sik glaum mikinn ok váru kátir; gerðu fyrir sér elda stóra. En er þeir mötuðusk, þá köstuðu þeir út beinum öllum; síðan bjoggusk þeir til rekkna ok lögðusk niðr í seti þar við eldinn. En er þeir höfðu litla hríð sofit, þá kom þar til hússins tröllkona mikil, en er hon kom inn, sópaðisk hon um fast, tók beinin ok alt þat er henni þótti ætt ok sló í munn sér; síðan greip hon mann þann er næst henni var, reif ok sleit allan, kastaði á eldinn. Þá vöknudu þeir aðrir ok við illan draum ok hljópu upp; en hon færði til heljar hvern at öðrum, svá at einn var eftir á lífi; hljóp sá innar undir loptit ok kallar til hjálpar sér, ef nokkut væri þess í loptinu, er honum myndi duga. Arnljótr seildisk til hans ok tók í herðar honum, ok kipti honum í loptit. Þá slósk hon (tröllkonan) fram at eldinum ok tók at eta mennina, þá er steiktir váru. Þá stóð Arnljótr upp ok greip höggspjót sitt ok setti milli herða henni, svá at út hljóp oddurinn um brjósit, hon brá við hart ok kvað við illilega ok hljóp út. Arnljóti varð laust spjótit ok hafði hon þat með sér á brott.“ Hefi ég nú um hríð haft söguna orðréttu eftir Heimskringlu. Morguninn eftir

skilur Arnljótur við þá Þórodd, en þeir fara síðan þar til er þeir finna Ólaf konung, og er þess ekki getið, að fleiri hafi aftur komið af sendimönnum konungs, en þeir tveir.

II

Vér undrumst í fyrstu eigi alllítið, er tröllkonusaga þessi verður fyrir oss í Heimskringlu Snorra Sturlusonar. Sagan er svo forneskjuleg og ótrúleg, að allsstaðar mundum vér hafa búist við henni fremur en í riti þess manns er segir, að hann vilji „eigi á bækur setja vitnislausar sögur“ og kveður betra „at við sé aukit“ — það sem hann hefir skrifað — en „af þurfi at taka.“ En vér skiljum brátt, að Snorri muni þarna þó engan veginn hafa brugðist meginreglu þeirri sem hann hafði sett sér, heldur tekið upp sögu þessa, af því að hann taldi heimildirnar fyrir henni fullnægjandi, enda er jafnvel auðvelt fyrir oss að sjá, að svo muni verið hafa, og rekja feril sögunnar. Verð ég í því sambandi að minnst á konu, sem óhætt mun að telja með þeim merkustu sem á Íslandi hafa verið, en ekki hefir hlotið þá frægð sem hún átti skilið, af því að hún kemur ekki við neinar ófriðarsögur. Kona þessi er Þuríður Snorradóttir, sem kölluð var hin spaka, er aldur færðist yfir hana, en á yngri árum mun hafa verið orðlögð eigi síður fyrir fegurð, enda átti hún mjög ætt til þess. Þórdís amma hennar hafði verið fríðleikskona mikil, og þá ekki síður Þuríður föðursystir hennar, húsfreyjan á Fróðá, sem Birni Breiðvíkingakappa fannst svo mikið um. „Ástum leiddi oss fast“, stendur í vísu eftir hann. En Þuríður Snorradóttir giftist Gunnlaugi syni Steinþórs á Eyri, svo að þar urðu tengdir, sem áður hafði verið hinn mesti fjandskapur á milli, eins og Eyrbyggja segir frá af svo mikilli snilld. En friðarsagan og ástar er ósögð, og virðist svo sem það mundi vera fagurt verkefni fyrir einhvern sögusnilling, að yrkja í það skarð og segja oss sögu konunnar, sem íslenskar bókmenntir eiga svo ákaflega mikið að þakka. En ekki er að furða þó að Þuríður væri „spök at viti“, eins og Snorri Sturluson segir, þar sem faðir hennar, Snorri goði, var einn af skarpvitrustu Íslendingum sinnar aldar, en móðir

hennar, Hallfríður, var dóttir Einars Þveræings, hins spakasta manns. Það er hægt að sýna fram á, að mikið af efninu í Ólafs sögu helga, muni vera frá Þuríði komið, og jafnvel einnig Haralds sögu harðráða. — Halldór bróðir hennar var einn af frægustu köppum þess konungs — og þá vitanlega efni þeirrar sögu, Eyrbyggju, er mest segir af föður hennar og tengdaföður, og Laxdælu, er einnig segir mikið af föður hennar, en Þórdís, systir hennar, var tengdadóttir Guðrúnar Ósvífrsdóttur. Snorri Sturluson segir að Ari fróði hafi „marga fræði numit af Þuríði“, og þarf ekki að efa, að hin spaka kona hefir sagt Ara söguna af Jamtalandsferð Þórodds bróður síns, og því sem í sæluhúsinu gerðist, en Þóroddur hafi systur sinni sjálfur sagt. Og frá Ara fróða hafði svo Snorri Sturluson söguna, en um Ara segir Snorri að sér „þykki hans sögn öll merkiligust.“

III

Vér verðum því að telja mjög líklegt, að sagan um hina ferlegu nótt, sem Þóroddur Snorrason og þeir félagar, áttu í sæluhúsinu, sé ekki nein lygisaga. En þar með er nú raunar ekki sagt, að skepna þessi sem braust inn til ferðamannanna með svo miklum ófriði, hafi verið tröllkona. Oss hlýtur að koma í hug hvort þessi illi gestur, muni ekki hafa verið eitt-hvert villidýr, og er þá ekki öðru til að dreifa en híðbirni, sem vaknað hefði af vetrardvala sínum og verið mjög úrillur. Verður að minnast þess, að á þeim tímum hætti mönnum við að sjá tröll og illar vættir, þó að ekki væri um neitt slíkt að ræða. Nægir þar að minna á eldsókn Grettis, þá sem félagar hans, er hann hafði lagt sig í hættu fyrir, launuðu svo illa. Grettir kemur af sundi inn í sæluhús, til að fá eld hjá þeim sem þar voru fyrir. „Kuflinn var sýldr allr, þegar hann (Grettir) kom á land, ok var hann furðu mikill tilsýndar, sem tröll væri. Þeim sem fyrir váru brá mjök við þetta, ok hugðu at óvættr mundi vera.“ Hlaust af þessari hjátrú hin mesta ógæfa, eins og allir vita, sem söguna hafa lesið.

En að skýra tröllkonusöguna í Heimskringlu á þessa leið sem gefið hefir verið í skyn, er engan veginn vandalaust.

Mjög svo ólíklegt er það, að Þóroddur Snorrason hafi, er hann sagði systur sinni söguna, gert tröllkonu úr því sem hann vissi sjálfur að var skógarbjörn. Þá er ekki heldur líklegt að í augum þeirra féлага hafi auðþekkt villidýr getað orðið að flagði. Þóroddur var ofurhugi, Arnljótur gellini hið mesta afarmenni, og þarf ekki að gera ráð fyrir, að slíkum mönnum hefði vaxið svo í augum að eiga við björn, að þeim hefði förlast vit er þeir sáu hann, eða mikið mannfall þurft að verða, þó að björn hefði brotist inn á þá. En hvaða skepna var það þá, sem í sæluhúsið kom og banaði kaupmönnum? Áður en ég reyni að svara því, ætla ég að líta á fleiri tröllasögur.

IV

Sagan sem ég sný mér nú að, gerist meir en 200 árum seinna, á Sturlungaöldinni, skömmu eftir dauða Snorra Sturlusonar. Tíu manna sveit er að koma úr ófriðarför, og er fyrir þeim Ásbjörn Guðmundsson, hið mesta illmenni. „Ok er þeir Ásbjörn riðu vestr Hrútafjarðarháls, sjá þeir tröll eitt mikit, ok fór þat í svig við þá; varð þeim sumum ósvipt við, en Ásbjörn hrakti þá þar um. En er þeir riðu inn at Brandagili, sjá þeir eld mikinn brenna í fjarðarbotninum, ok varð þeim þar illt við.“ Hlaka var og vatnavextir miklir og drukknar Ásbjörn í Hrútafjarðará. Fyrir för þessari var í fyrstu Tumi Sighvatsson hinn yngri, þá rúmlega tvítugur. En för þessi þótti svo háskaleg, að þegar nokkuð er komið áleiðis, leggur frændi Tuma, Björn, er kægill var kallaður, fast að honum að verða eftir. „Tumi lézk ríða vilja. En þó kom þar at um síðir, at hann varð eftir at Fjarðarhorni. Þeir spurðu hverju sætti. „Því, at fyrirmaðurinn mun látask“ sagði hann. Þat eitt mælti hann spámæli“, segir sagan, og gekk fljótt eftir, því að Ásbjörn drukknaði, eins og áður er sagt; en einnig Tumi sjálfur var feigur, því að náfrændi hans, Kolbeinn ungi, lét drepa hann nokkrum vikum síðar, og er ekki ólíklegt, að Tumi hefði fleiri spámæli mælt, en þetta eina, ef honum hefði enst aldur til. Mér þykir svo mikið koma til tröllasögu þessarar, af því að telja má víst, að hún

sé sönn. Fer ég þar ekki einungis eftir því, að Sturlunga er áreiðanleg saga, þar sem mikil stund er lögð á að segja rétt og nákvæmlega frá atburðum, heldur einnig og jafnvel ennþá meir, eftir því, sem nefna mætti innri sannanir. Þarna fer þrennt saman og styður hvað annað. Fyrst er spádómur Tuma sem til er orðinn fyrir áhrif utan að, og sjálfur verður að teljast til fyrirburða, þá tröllsýnin, og loks eldurinn sem þeir sjá brenna í fjarðarbotninum; því að fyrirburður var það, en ekki neinn eldur af mönnum kveiktur. Eldurinn var slíkt efni sem trölíð, eða líklega öllu heldur, svipur tröllsins, var gerður af, og má sjá þesskonar ljós bæði þegar líkamningar verða, og eins þegar þeir hverfa.

V

Þá er tröllasaga sem minna verður á, þó að vísu verði ekki bent á sannanir. Það er Landnáma, sem frá henni segir. Þá er Lón-Einar fór frá Lón-dröngum, „sá hann tröllkarl sitja þar á uppi ok láta róa fætur, svá at þeir tóku brimit, ok skeldi þeim saman svá at sjódrif varð af.“ Er vel til fallið í þessu sambandi að geta um verur þær, er landvættir voru nefndar, því að ekki er ólíklegt, að tröllkarl Lón-Einars hafi verið af því tagi. „Ófreskir menn sáu at landvættir allar fylgdu sonum Molda-Gnúps, Hafr-Birni til þings, en þeim Þorsteini ok Þórði til veiðar ok fiski.“ Þorsteinn var hrungnir kallaður, og mun hafa verið rómsterkur mjög, en systir þeirra bræðra hét Iðunn; hefir það fólk verið vel norrænt. Sérstaklega fróðleg landvættasaga er þessi, sem Snorri segir í Heimskringlu. Haraldur Gormsson Danakonungur hugði á Íslandsferð, ætlaði að hefna Íslendingum fyrir að þeir höfðu ort um hann níð. Bauð konungurinn fjölkunnugum manni að fara til Íslands hamförum „ok freista hvat hann kynni segja honum.“ Hinn fjölkunnugi maður fór í hvalslíki. „Hann sá at fjöll ok hólur voru fullir af landvættum, sumt stórt en sumt smátt.“ Og hvar sem hann ætlar á land að ganga, þá banna honum landvættir. Á Austfjörðum dreki mikill og fylgdu honum margir ormar, eðlur og pöddur. Á Eyjafirði fugl svo mikill að vængirnir

tóku út fjöllin beggja vegna, og fjöldi annarra fugla, bæði stórir og smáir. Á Breiðafirði griðungur geisistór, og fylgdi honum fjöldi landvætta. En er hann kom fyrir Reykjanes og vildi ganga upp á Suðurland, kom á móti honum bergrisi og hafði járnstaf í hendi, og var risi þessi svo stór að hann bar höfuðið hærra en fjöllin, en með honum voru margir jötnar.“

Saga þessi sýnir vel hvernig menn hugsuðu sér landvættirnar; það voru verur í líkingu við þær, sem löndin byggja, bæði menn og dýr, en sumar ákaflega miklu stórvaxnari; og er svo að sjá sem menn hafi haldið, að verur þessar ættu heima í fjöllunum og hólunum, eins og huldufólkið. Þó að mikið sé málum blandað, eins og vér munum síðar sjá, þá væri mjög rangt að ímynda sér, að dularverur þessar séu ekki neitt annað en hugarburður fornanna; og sama er að segja um ýmsar kynjaverur suðrænnar forntrúar, eins og t. d. kentárana, er Grikkir nefndu svo, og áttu að vera sem hestur að aftan og allt fram um bógana, en sem menn að framan. Er ekki langt síðan ensk frú, skyggn, kvaðst hafa séð slíkar verur, er hún dvaldi á Grikklandi, og hugði að þær mundu á einhvern hátt vera íbúar landsins nú, ekki síður en í fornöld. Mér þykir ekki ólíklegt að mönnum muni þykja fróðlegt að sjá, til hverskonar sannleika slíkar sögur er að rekja, og hversu alvarlegan misskilning þar er þó um að ræða, og hvernig tilkominn. En sannleikurinn er svo óviðjafnanlega miklu furðulegri en þjóðsögurnar og ævintýrin, sem eiga rót sína að rekja til misskilnings á honum.

VI

Því meir sem þekkingu manna á heiminum fer fram, því meira og margvíslegra samband hluta og viðburða kemur í ljós. Menn vita nú, að jafnvel á stjörnum, sem eru í billjóna mílna fjarlægð frá oss, verður engin breyting svo, að það hafi ekki einhver áhrif á vora jörð. Og svo hugleiði menn hversu stóráriðandi hluta af áhrifum sólarinnar á jörðina, mönnum var ókunnugt um fyrir aðeins 2-300 árum. Það var stórkostleg útfærsla á hugmyndum mannkynsins um

sambandið í heiminum, sem tengd er við nöfnin Newton, Kant og Laplace. Þar var að ræða um aukna þekkingu í eðlisfræði og stjörnufræði.

En er vér nú verðum að færa enn mjög stórkostlega út hugmyndir vorar um sambandið í alheimi, þá er það líf-fræðin, er kemur til sögunnar, og veitir hinni þýðingarmiklu stjörnufræði, ennþá miklu meira gildi en áður.

Mjög lengi höfðu menn að vísu trúað á ýmsar lífverur aðrar en þær, sem náttúrufræðin skýrir frá, og margvísleg áhrif þeirra á mennina. En sívaxandi þekking virtist miða til að eyða þessari trú, og víða mátti heita að hún hyrfi alveg hjá mörgum. Og þó hafði hin forna trú og hjátrú, að nokkru leyti rétt fyrir sér. En verur þessar eiga þó ekki heima í hólum og hömrum, eða uppi á hæstu fjöllum, eða utan á himinhvelfingu þeirri, er menn hugðu til vera, heldur á fjarlægum jarðstjörnum. Og má nú benda á aðferð til að rannsaka þetta örugglega. Ef vér athugum það mál nógu vel og lengi, göngum vér alveg úr skugga um, að það er hin mesta fjarstæða, að ímynda sér, að hugur vor skapi sjálfur sýnir þær, er svefninn færir oss, draumsýnirnar. Og það má jafnvel gera sér fullkomlega ljóst, að vér sjáum í svefni landslag, byggingar, dýr, jurtir og manntegundir, sem alls ekki eru til á vorri jörð. Vér getum því alveg með vissu ályktað, að í svefni kynnumst vér öðrum jarðstjörnum og lífinu þar. Ljúkast þar upp fyrir oss sannkallaðir undraheimar, sem þó engan veginn eru fyrir utan náttúruna eða órannsakanlegir. Og vér skiljum nú glögggt hvað kynjaverur fyrri alda hafa verið, guðir, vættir, álfar, tröll og andar. Vér skiljum, að þegar sérstaklega stendur á, geta svipir þessara vera, sem heima eiga í billjóna mílna fjarlægð, komið fram hér á jörðu, fyrir geislan nokkurskonar, og að stundum getur jafnvel af geislaninni orðið meira en svipur; hin fjarlæga vera getur byggt sér hér líkama, eða líkamast (materialiserast), svo að það er því líkt, sem hún komi í heimsókn hingað til jarðarinnar. Og þesskonar gestur frá annarri jörð, *gæti* tröllkonan hafa verið, er Þóroddur Snorrason sagði Þuríði systur sinni frá, og þó gestur af því tagi, sem betra er

að vera laus við. Og á sama hátt verður að skýra trölíð sem Ásbjörn Guðmundsson og menn hans sáu við Hrutafjörð, eins og ég gat um áðan.

VII

Stórmerkileg þykir mér landvættasagan í Heimskringlu, sem ég gat um áðan. Hinn fjölkunnugi maður hefir legið sem búkurinn væri sofinn eða dauður — eins og Snorri kemst að orði í öðrum stað — meðan hann fór för þessa til Íslands að boði Danakonungs. Og að vísu var það nú ekki Ísland sjálft, sem hann sá, heldur sambandsland vort á annarri stjörnu, sem var svo skylt, að fornmennt vorir sáu oft svipi þaðan og hugðu vera landvættir. Og Íslendingar efldust og mögnuðust af hinum stórkostlegu íbúum þessa sambandslands á annarri stjörnu, á þeim tímum, er hér var hið fremsta fólk af norrænu kyni. Því að það er auðvitað ekki annað en misskilningur, að Íslendingar séu ekki fyrst og fremst af norrænu kyni. Og það er auðvelt að sýna fram á, að hér hefir vaxtarbroddurinn verið um skeið. Í orustunni á Storð á Fitjum, þar sem Hákon konungur góði barðist við mikinn liðsmun, er það Íslendingurinn Þórálfrur hinn sterki Skólmsón, sem er við hlið konungsins; og auðvitað er það ekki af neinni tilviljun, heldur af því að Þórálfrur var best treyst til að gæta hans; og er þó til þess tekið hve mjög hafi verið valdir menn að afli og hreysti í hirð með Hákonu konungi. Mætti fleiri dæmi nefna slík, þó að ég geri það ekki að sinni. Skal hér aðeins minnst á, hvernig fremstu skáld og fræðimenn sinnar aldar á Norðurlöndum, voru hér uppi, nokkrum mannsöldrum síðar. Og þó að mikið hnignaði fólkinu eftir það, og meðfram vegna þess, hve landkostir spilltust, þá er ómögulegt að komast hjá þeim grun, að hinni íslensku þjóð sé nokkurt sérstakt hlutverk ætlað í framsókn mannkynsins. Og að vísu er hlutverk þetta eingöngu friðsamlegs eðlis, eins og raunar ótvíræðlega kemur í ljós í því, sem þegar fyrir löngu hefir unnið verið. Á ég þar ekki eingöngu við hinar fornu sögubókmenntir og varðveislu þeirra, heldur m. a. einnig við landnám og landafundi

Íslendinga, og þá enn það, að einn hinn merkilegasti stjörnufræðingur 12. aldarinnar var Íslendingur. Hefir eðlisfræðingurinn Þorkell Þorkelsson skrifað um hann merkilega ritgerð; og þýskur fræðimaður, sem ég man því miður ekki að nefna, gerir jafnvel ennþá meira en Þorkell úr Íslendingnum, sem Stjörnu-Oddi var nefndur.

VIII

Þá skal nú að endingu vikið að þeim þættinum í hinu sérstaka hlutverki Íslendinga, sem síst er ástæða til að efast um, og bráðnaudsynlegt er að sinna meir en gert hefir verið. Ég minntist áðan nokkuð á það samband himinhnattanna, sem svo treglega gengur að átta sig á, lífsbandið. En svo þýðingarmikil er þekkingin á því sambandi, að það skiptir alveg í tvö horn um sögu jarðstjörnu, þar sem annars lífið nær að vaxa fram til vits, hvort þeirri þekkingu verður náð eða ekki. Og saga hnattanna þar sem sú þekking þó fæst, skiptist í tvo aðalkafla, aldirnar áður, og svo þær sem á eftir koma. Og á tímamótunum má af ýmsu marka, að til gagngerðrar breytingar dregur í lífi hnattarins. En náist ekki sú þekking, þá líður lífið undir lok á þeim hnetti, án þess að komist verði á framfaraleið. — Og auðsætt er nú, að dregur að nokkrum stórkostlegum tímamótum hér á jörðu. Og gætir þó hinna illu tíðinda mest. Hversu herfilegar eru fréttirnar sem vér erum að fá þessa dagana. Hundruð manna bíða hinn hryllegasta dauðdaga í námum niðri. Í stórborgum þeim sem annálaðastar hafa verið fyrir glæsileik og glaðværð, er sprengt og skotið, meitt og drepið, svo hundruðum og jafnvel þúsundum skiptir. Sjálf náttúran fer hamföllum, og þúsundir bíða bana eða lenda í hinum mestu nauðum. Og má nú glöggt skilja hvernig slíkar hamfarir gætu farið svo mjög í vöxt, að milljónir liðu undir lok og jafnvel allt mannlíf yrði ómögulegt.

En er hinsvegar ekki þýsna eftirtektafvert, hvernig samtímis því sem veðurfar suðrænna landa er í hinu illkynjaðasta ósamræmi við hnattstöðuna, kemur nálega fram eins og viðleitni á að gera Ísland miklu byggilegra en búast mætti

við að orðið gæti, eftir legu þess á hnettinum? Mér virðist jafnvel þurfa meir en meðalblindni til að skynja ekki þá viðleitni, sem verið hefir í þá átt, þessa síðustu áratugi, og hefir þó stórum spillt hið mikla ósamlyndi hér innanlands, og ennfremur sljóleiki flestra, en hatur sumra gagnvart nokkru sérstaklega íslensku verki, sem leitast hefir verið við að vinna, á einmitt þessum sömu áratugum.

En er nú ekki möguleiki til þess að menn opni augun og heffjist handa til starfs, sem fljótt mundi leiða til mikilla tíðinda og góðra, fyrst fyrir þessa þjóð, en síðan og ekki síður, fyrir aðrar?

Það væri hægt að gera Reykjavík að einni skemmtilegustu höfuðborg jarðarinnar, ef vér snerum oss af alvöru að því máli, sem segja má, að forsjónin ætlist til að vér höfum forgöngu í, þó að fáir séum og smáir. Reisum háborg höfuðstaðar vors inni á hæð þeirri sem í daglegu tali er nefnd Öskjuhlíð. Reisum þarna innfrá, það hús, sem ætlað sé öllum lýð til sambands við íbúa stjarnanna. Hús þar sem göfugir gestir, langt að komnir, geti heimsótt oss; og þar sem svo gott sé að koma, að í hvert skipti sem vér höfum þar verið förum vér þaðan burt sem nýir og betri menn, og færari til að stuðla að því, hver að sínum hluta, að betra verði að lifa hér á jörðu, bæði fyrir menn og skepnur, en áður hefir verið. Hiklaust segi ég það fyrir, að frá því er það mál verður vel á veg komið, mun verða gjörbreyting á högum þjóðar vorrar, og í alla staði langt fram yfir það sem menn hafa gert sér bestar vonir um áður.

Mars '34.